

Hvernig líður útiganginum?

Útiganga hrossa og nautgripa.

Löng og órofin hefð er fyrir útigöngu hrossa að vetrarlagi. Útiganga geldneyta og kvígna viðgekkst allar aldir fram um 1800 að einhverju leyti. (Jón Torfason, Jón Viðar Jónmundsson, 2001). Æ algengara er nú að kálfar og kvígur séu á útigangi allan veturinn.

Fyrir daga rammgerðra girðinga og djúpra skurða gátu gripirnir reikað um og leitað skjóls fyrir veðrum og vindi, aðgengi að drykkjarvatni var yfirleitt þokkalegt. Oftast þurftu þessir gripir að lifa á beitinni einni saman, en horfellir varð iðulega nokkur í hörðum árum. Sem betur fer er slíkt fátítt í dag, þótt ennþá sjáist reisa hross. Offóðrun hrossa er hins vegar orðin algengara vandamál en vanfóðrunin, offóðrun getur leitt til efnaskiptaröskunar sem líkist sykursýki 2. Helstu einkenni eru þykkildi í makka hrossanna og hófsperra á mismunandi stigum.

Allt of algengt er að gripir hafi ekki skjól. Kuldi og vosbúð getur því verið alvarlegt dýravelferðarmál, sérstaklega hjá hrossum á umhleyplingasömum haustum.

Skilyrði til útigangs gripa

Allir gripir eiga að búa við s.k. jafnhitaskilyrði; að hvorki sé of heitt né of kalt á þeim. (S.k. „thermoneutral zone“, hross: efri mörk 20-30 °C, neðri mörk -15°C, nautgripir: efri mörk 25-26°C neðri mörk -16 til -37 °C. Það tekur dýrin u.þ.b. þrjár vikur að aðlagast breyttu hitastigi)

Hross og nautgripir þola ágætlega kulda. Fáí þau að venjast kuldanum á eðlilegan hátt (útiganga að hausti) búa þau sig til vetrarins með:

- Þykkun felds. Löng og þétt hár verja og einangra vel gegn kulda og bleytu. Því er mikilvægt að dýrin séu hrein og legusvæðin sömuleiðis hrein og þurr, óhreinindi eyðileggja einangrunargildi feldsins.
- Fitusöfnun. Fitulag undir húð ver vel gegn kulda. Íslensk hross og holdagripir safna fitu undir húðina, mjólkurkúakyn (m.a. íslenskir nautgripir) safna fitunni í kviðarhol, en þar kemur hún að litlum notum sem kuldavörn.
- Auknum hraða meltingarinnar. Þess vegna eykst fóðurþörfin við aukinn kulda.


Kuldaþol gripa eykst smám saman, fyrsta kuldakastið er erfiðast en svo herðast gripirnir. Því má ekki setja gripi aftur út sem teknir hafa verið á hús á hausti, það getur skaðað gripina. (Jordbruksverket, 1997) Hross þola þó betur að fara aftur út að því tilskildu að þau séu ekki farin að ganga úr hárum, að þau séu í góðum holdum og búið sé vel að þeim eftir að þau koma út.

Í köldu og þurru loftslagi eru litlar líkur á kuldaþressi/ofkælingu. Hár loftraki/rigning og hvassviðri veldur dýrunum hins vegar óþægindum og kulda. Einkenni ofkælingar er skjálfti og dýrin standa í keng. Þau reyna að verjast kælingunni með því að leita í skjól, hama sig til að minnka vindkælinguna, hópa sig til að hafa skjól og hita hvert af öðru. (SLU, Jordbrukets Biosystem och Teknologi)

Hvernig tapa gripir varma?

Varmatap með leiðni verður þegar skrokkur dýrsins snertir eitthvað sem er kaldara en dýrið. Þegar dýrið liggur verður snertiflöturinn við jörð/gólf stór. Því er mikilvægt að legusvæðið sé þurr og einangri vel (gúmmí, hálmur). Steypa leiðir mikinn varma og járn ennþá meiri þannig að þessi efni eru mjög óhentug í legusvæði.

Varmatap frá dýri út í andrúmsloftið kallast varmastreymi/convection. Vindur eykur varmatapið, því er mikilvægt að dýrið geti leitað í skjól. Þykkur og hreinn feldur minnkar varmastreymið. Bleyta í feldi minnkar einangrunargildið og dýrið þarf að nota meiri orku til að þurrka sig. **Skítugur feldur (t.d. kleprar á lærum og kviði) hefur tapað einangruninni varanlega.**




Geislun hitar dýrið þegar sólin skín. En innrauð geislun veldur líka varmatapi frá dýrinu. Veggir og þak á skjóli minnka geislunina frá dýrinu og þar með varmatapið. (Jordbruksverket, 1997)

Útiganga nautgripa

Nautgripir sem ganga eiga úti að vetrarlagi verða að vera nægilega þroskaðir og í góðum holdum. Gripirnir skulu hafa nægan aðgang að hreinu og ómengduðu drykkjarvatni. Nautgripir geta ekki nýtt snjó í stað drykkjarvatns. Fóðrið skal vera nægilegt til vaxtar og viðhalds, reikna verður með aukinni fóðurbörf vegna kuldaálags. Ekki má gleyma steinefnunum.

Fóðra verður í gjafagrindum svo fóðrið mengist ekki. Gæta verður þess að allir gripir komist að fóðrinu í einu. Hópsálin ræður meiru en hungur og þorsti þannig að lægra settir gripir gætu farið svangir og þyrstir með hjörðinni frá fóðrinu. Gott er að hafa brynningu og fóðuraðstöðu á svipuðum slóðum.

Gjafagrindurnar ættu að vera sólarmegin og helst í skjóli þannig að gripunum verði ekki kalt. Annars er hætt við því að gripirnir éti ekki nægju sína í hrakviðrum. Undirlagið ætti að vera þurr og hart svo ekki myndist svað við grindurnar. Flytja verður grindurnar eftir þörfum, öllum gripum líður illa að standa í forinni.



Skýli ættu að vera nálægt brynningu og gjafaaðstöðu, það auðveldar dýrunum lífið í hrakviðrum. Best er að opið snúi til suðurs, sólin þurrkar gólfið og yljar skýlið. Best er að hafa eina hlið opna, annars tvær breiðar dyr (ca 2,5 m) þannig að lægra sett dýr geti forðað sér, háttsett dýr standa oft í dyrunum og varna lægra settum inngöngu. Halda verður legusvæðinu þurru og hreinu. (Pettersson)

Líta verður eftir gripunum daglega. Húsaskjól verður að vera tiltækt fyrir veika eða slasaða gripi.

Útiganga hrossa.

Nú eru flest hross á afmörkuðum svæðum, skjól stundum lítið sem ekkert og brynning í höndum eigenda. Brúkunarhross eru að hausti sum fullgrönn til útigangs, en fitulagið utan á síðum er þeim mikilvægt sem einangrun gegn kulda. Haustin eru oft erfiðasti tíminn á hrossunum, bleyta og kuldi gengur nærri þeim og þau leggja af og fá holdhnúska. Besta vörnin gegn holdhnúskum er gott skjól!

Samkvæmt reglugerð um um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa þurfa hross sem eru að fara á útigang síðla hausts að hafa gott fitulag undir húð (holdastig 3,5-4). Sömuleiðis skulu hrossin ávallt hafa nægan aðgang að hreinu og ómenguðu drykkjarvatni og fóðri sem að magni, gæðum og næringarinnihaldi fullnægja þörfum hrossa til vaxtar, viðhalds og notkunar. Hrossin skulu geta leitað skjóls fyrir veðri og vindum. Að vetri skal fylgjast daglega með hrossum á útigangi. (Reglugerð 160/2006 um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa., 2013).

Hross sækja langar leiðir yfir polla og læki ef þau vita af góðri brynningu. Nú er hægt að fá ýmsar tegundir af frostfríum brynningum sem tryggja gott aðgengi að vatninu.

Gjafagrindur varna mengun heysins og rjúfa þannig smitleiðir iðraorma og annarar óværu, s.s. salmonellu. Tryggja þarf að öll hross komist að fóðrinu í einu, annars er hættu á að lægra settir einstaklingar afétist. Sömuleiðis verður að raga stóð þannig að ungvíði og fylsugur fái örugglega

nægju sína þar sem fullorðnir geldingar geta verið mjög frekir til matar síns. Steinefnagjöf er nauðsynleg, sérstaklega fyrir ungvíði og fylfullar hryssur.

Ágætar leiðbeiningar eru til um aðbúnað og fóðrun útigangs, hér skal sérstaklega bent á grein Guðrúnar Stefánsdóttur: „Útifóðrun hrossa“ (Eiðfaxi, www.eidfaxi.is, 2012)

Grein Guðrúnar Stefánsdóttur og Sigríðar Björnsdóttur um holdastigun hrossa; „Mat á holdafari hrossa“ er sömuleiðis aðgengileg á vefsíðum Eiðfaxes. (Eiðfaxi, www.e-pages.dk/eidfaxi)

Meta verður ástand beutilandsins og beitarþol. Heyfóðrun skal m.a. miðast við að ekki sé gengið of nærri landinu. Leiðbeiningarnar „Hrossahagar - aðferð til að meta ástand lands“ eru að finna á vefsíðu Landbúnaðarháskólans. (Rala, Landgræðslan, 2009)

Því miður vantar enn mjög víða skjól fyrir hross á útigangi. Gera þyrfti verulegt átak á landsvísu að koma upp skjólum en leiðbeiningar um gerð einfaldra skjóla eru á vefsíðu Bændasamtakanna, (BÍ, 2009). Til eru ýmsar útgáfur af hrossaskjólum og margar mjög hugvitsamlegar, flestir hrossaeigendur hugsa vel um sín hross og sjá þeim fyrir skjóli. Gaman væri að sjá úttekt þessum skjólum því víst ber að hrósa þeim sem gera vel.

Velferð gripa á útigangi

Ef rétt er búið að gripum á útigangi fer oft mun betur um þá úti en á húsi. Velferð gripanna er sá þáttur sem aldrei má víkja frá og að sjálfsögðu ber eigandi/umráðamaður dýrs fulla ábyrgð á velferð dýrsins. En samfélagið ber líka ábyrgð ef eitthvað fer úrskaiðis og því ætti hver sá sem verður var við frávik í dýrahaldi að tilkynna það strax til Matvælastofnunnar sem nú fer með öll verkefni sem lúta að heilbrigði og velferð allra dýra.

Nú liggja fyrir Alþingi drög að nýjum dýravelferðarlögum. Þessi lög eiga að skýra og gera alla málsmeðferð skilvirkari þegar eitthvað fer úrskaiðis í aðbúnaði, fóðrun og meðferð dýra, hægt verður að grípa fyrir inn og tryggja velferð dýranna strax.

Heimildir

BÍ. (16. mar 2009). *Hagaskjól fyrir hross*. Sótt frá

<http://www.bondi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2487>

Eiðfaxi. (19. des 2012). Sótt frá www.eidfaxi.is: http://eidfaxi.is/pdf/Heilsa/Utifodrun_hrossa.pdf

Eiðfaxi. (án dags.). www.e-pages.dk/eidfaxi. Sótt frá <http://www.e-pages.dk/eidfaxi/27/6>

Jón Torfason, Jón Viðar Jónmundsson. (2001). *Íslenska mjólkurkúrinn*. Bókaútgáfan Hofi.

Jordbruksverket. (1997). *Utedrift med nötkreatur*.

Petersson, A. (án dags.). *Utedrift med nötkreatur*. Sótt frá Jordbruksverket (SJV) :

<http://www.vaxteko.nu/html/sll/sjv/jordbruksinfo/JIN97-12/JIN97-12.HTM>

Rala, Landgræðslan. (7. maí 2009). *www.lbhi.is*. Sótt frá
<http://www.lbhi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4013>

Reglugerð 160/2006 um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa. (17. janúar 2013). *Reglugerð um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa*. Sótt frá Stjórnartíðindi:
<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/58b439f05a7f412f00256a07003476bc/1b5426eef797aedc0025711e005ff5fa?OpenDocument>

SLU, Jordbrukets Biosystem och Teknologi. (án dags.). *När fryser nötkreatur*. Sótt frá
<http://www.vastansjo.com/assets/Uploads/doc/presentationsmaterial-060508.pdf?PHPSESSID=746k8g4f5gre3gpe9prhsch4u7>